

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 158/1996, um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði.

1. gr.

Við 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Tryggingastofnun ríkisins tekur jafnframt þátt í lyfjakostnaði sjúkratryggðra samkvæmt reglugerð þessari þegar um er að ræða lyf sem lyfjafræðingar afhenda í neyðartilfellum sbr. 1. mgr. 11. gr. lyfjalaga nr. 93/1994.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í c. lið 36. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 1. ágúst 1996.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Einar Magnússon.